

## *Eiga skólar að vera dauðhreinsaðir af trúarbrögðum?*

Sigurður Pálsson. (2011). *Uppeldisréttur. Um rétt foreldra til að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna í samræmi við eigin sannfæringu* (2. útgáfa). Reykjavík: Pedagogus. 93 bls.

Rit Sigurðar Pálssonar, *Uppeldisréttur*, var fyrst gefið út 1987 en birtist nú talsvert endurskoðað. Sumt af efni þess er jafnvel enn tímabærara en fyrir aldarfjórðungi. Áhugaverðasta efnið í ritinu er umræðan um samspil réttar og skyldna bæði barna og foreldra, það er hvort og hvernig réttur foreldra til að ráða uppeldismótun barna sinna með trú og siðgæði er ótvíræður í mannréttindasáttmálum, sem Ísland er aðili að.

Sigurður Pálsson er eflaust þekktastur sem prestur og höfundur námsbóka um biblíusögur. Hann lauk doktorsprófi frá Kennaraháskóla Íslands í maí 2008. Sigurður var einnig kennari á því skólastigi sem nú heitir grunnskólastig og starfaði við útgáfu námsbóka hjá Ríkisútgáfu námsbóka og síðar Námsgagnastofnun. Hann hefur því viðtæka reynslu á sviði skóla- og uppeldismála engu síður en af kirkjulegu starfi.

### UPPELDISRÉTTUR FORELDRA

Bókin skiptist í sjö mislanga kafla auk Inngangs og Lokaorða. Hún hefst á stuttum kafla um það hvað uppeldi sé. Sigurður styðst við skilgreiningu frá norska fræðimanninum Reidar Myhre um þrjá þætti uppeldis: Menningarmótun, félagsmótun og persónuleikamótun. Lokaorðin í kaflanum afmarka að nokkru leyti viðfangsefni ritsins: „Hver eða hverjir hafa frumrétt og frumskyldu til að annast uppeldi barna og ungmenna og velja þau gildi sem þau eru nestuð með til framtíðar í heimi sem tekur sífelldum breytingum?“ (bls. 18). Í næsta kafla kemur fram að í lýðræðisþjóðfélagi eigi ólíkir aðilar sjálfstæðan rétt og hafi sjálfstæðu hlutverki að gegna.

Þriðji aðalkaflinn, um uppeldisrétt foreldra, er jafnframt lengsti kaflinn og skiptist í átta undirkafla. Hann hefst á umræðu um það hvort foreldrar og leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili séu í reynd meðvituð um „framsal“ foreldraréttar til þessara

aðila (bls. 21). Sigurður rekur síðan ýmis sjónarmið, bæði trúarleg og veraldleg. Ítarlegur kafli er um evangelísk-lútersk viðhorf. Sigurður vitnar í þýska fræðikonu, Ingeborg Röbbelen, sem bendir á að foreldraréttur sé afstæður og breytilegur, þ.e. að kirkjan geti „því aðeins barist fyrir foreldrarétti að hún hafi frelsi og ábyrgð einstaklingsins að leiðarljósi“. Hún geti ekki barist fyrir foreldrarétti „til að koma sínum eigin pólitísku markmiðum í trúmálum og skólamálum að“ (bls. 28, þýðing Sigurðar á texta Röbbelen). Einnig er ítarlegur þáttur um íslam þar sem er rætt um „rétt“ barna og skyldur. Sigurður bendir einnig á að hugtakið „réttur“ sé ekki til í búddasið. Í kaflanum eru langar tilvitnanir í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og aðra alþjóðlega samninga, auk íslenskrar löggjafar. Sigurður leggur áherslu á það að uppelldisréttur foreldra sé í raun undirstaða undir mannréttindi barna og rétt þeirra til að fá uppeldi. Í mannréttindasáttmálum og íslenskri löggjöf sé gengið út frá frumrétti foreldra til uppelldismótunar. Þetta sé þó hvergi skýrt orðað og takmörkunum háð (bls. 43).

Í stuttum kafla um réttindi barna er sérstaklega bent á að lengst af hafi ekki verið litið á börn sem sjálfstæða handhafa réttinda heldur hafi verið litið á þau sem einstaklinga sem þyrfti að vernda. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1989 sé hins vegar staðfest hið breytta viðhorf að börn séu sjálfstæðir einstaklingar. Þetta hefur vitaskuld áhrif á uppelldisrétt foreldra sem ætíð skulu taka mið af „hag og heill barnsins“, eins og Sigurður orðar það (bls. 50). Í öðrum stuttum kafla ber Sigurður saman hlutverk ýmissa aðila í uppeldi barna: foreldra, ríkisvalds sem krefst skólaskyldu, kirkju o.s.frv. Hlutverk skóla hefur sennilega ekki aukist mikið frá því að bókin var fyrst skrifuð – en það hefur fest í sessi, einkum leikskólastarfið, og reyndar má telja hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 til marks um aukna hlutdeild skóla í uppeldi.

## GRUNNGILDI SKÓLA

Allítarlegur kafli fjallar um grunngildi skyldunámsskólans og þær mótsagnir sem felast í kröfum um að skólar séu hlutlausir. Sigurður telur að skólarnir geti verið hlutlausir eingöngu ef þeir forðast álitamál er varða trúarbrögð – en þá bregðist þeir líka skyldu sinni því að uppeldi og kennsla um gildi þurfi að eiga sér stað. Í kaflanum er einnig skýrt frá því hvernig það atvikaðist að hugtakið „kristin arfleifð íslenskrar menningar“ kom í grunnskólalögin árið 2008 þar sem áður hafði verið kveðið á um að skólastarfið skyldi vera í samræmi við „kristilegt siðgæði“. Sigurður vísar til umræðna og dómsmála, bæði í Noregi og Tyrklandi, og kallar eftir því að reglur verði settar um hvort og hvernig foreldrar geti fengið undanþágu frá einstökum námsgreinum rétt eins og trúarbrögðum (bls. 64).

Nú hafa verið gefin út viðmið um samskipti skóla og trúfélaga, bæði af ráðuneyti (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.) og Reykjavíkurborg (Borgarráð Reykjavíkur, 2013). Viðmiðin og reglurnar eru of ný til þess að hægt sé að átta sig á því hver áhrifin og afleiðingarnar verða. Reglur borgarráðs sýnast mér ganga skemmra í því að aðskilja starfsemi skóla og lífsskoðunarfélaga en umdeildar reglur sem Mannréttindaráð borgarinnar samþykkti í júní 2011 og vísað er til í neðanmálgrein í riti Sigurðar

(bls. 77). Viðmiðin setja vonandi ramma þar sem undanþágur frá þátttöku í ákveðnum þáttum skólastarfsins vegna uppeldisréttar foreldra og lífsskoðana þættu óþarfar.

Næstsíðasti kafli ritsins fjallar um trú og lífsviðhorf í uppeldi og menntun og er umræðan þar beint framhald af kaflanum um grunngildi. Sigurður áréttar að skólar hvorki geti né megi vera „dauðhreinsaðir af mikilvægum álitamálum ...“ heldur þurfi skólinn að geta tekist á við álitamál er varða trú og önnur lífsviðhorf. Hann telur að það séu einkum þrír samfélagshópar sem skólar þurfi að gefa sérstakan gaum þannig að foreldrunum finnist ekki brotið á réttinum til að ala börnin upp í þeirri trú eða lífsskoðun sem þeir aðhyllast, það eru múslimar, þeir sem aðhyllast siðrænan húanisma og vottar Jehóva (bls. 73).

Í síðasta kaflanum, um virkan uppeldisrétt, leggur Sigurður til að sett verði löggjöf um fjölskyldupólítík. Ef ég skil þá kröfu rétt þarf hún að segja eitthvað markvert um verkaskiptingu foreldra og annarra við uppeldi barna. Sigurður heldur því fram að með aukinni vinnu utan heimilis setji foreldrar nú traust sitt á menntaðar uppeldisstéttir. Ég er reyndar ekki alveg viss um að það sé rétt. Um hitt er ég hjartanlega sammála Sigurði, að „sérfræðingar geta aldrei leyst foreldrana undan hlutverki sínu og ábyrgð“. Sum sveitarfélög hafa sérstaka fjölskyldustefnu, t.d. Akureyrarbær (2005). Samkvæmt henni eiga skólar að hafa stefnu um samskipti skóla og heimila.

Frágangur ritsins er skínandi góður og í því er rúmlega einnar blaðsíðu ágrip (abstract) á ensku.

## UPPLÝSANDI RIT OG PERSÓNULEGT

Ritið er glíma kristins skólamanns við að skilja hvernig forðast megi að útrýma áhrifum kristninnar en jafnframt virða ólík sjónarmið. Trú Sigurðar byggist á upplýsingu og umræðu, ekki því að kirkjan sé yfirvald sem hafi rétt til að segja öðrum fyrir verkum.

Mér sýnast almennar lýsingar í ritinu á ólíkri afstöðu ýmissa trúarbragða til uppeldisréttar vera meðal eldra efnis, en nýrri er kafli um áhrif múslima, siðræns húanisma, sem var tæpast til á Íslandi þegar ritið kom fyrst út, og votta Jehóva á skólastarfið (bls. 73–79). Þótt ég geti ekki ábyrgst að hópunum þremur þyki hvergi á sig hallað tel ég þessa umfjöllun upplýsandi um álitamálin sem þarf að leysa til að skólarnir geti rækt hlutverk sitt gagnvart þessum börnum sem öðrum. Ég leyfi mér þó að fullyrða að kaflarnir voru ekki skrifaðir til að halla á neinn eða draga taum trúarsjónarmiða höfundar.

Þegar aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla kom út 2011 var lögð áhersla á svokallaða grunnþætti menntunar, það er læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og loks sköpun. Trúarbrögð eru nefnd meðal margra þátta sem þarf að taka tillit til þegar horft er til jafnréttis. Kröfum um trúarbragðafræðslu og um að kristin arfleifð íslenskrar menningar móti starf grunnskóla var síðan fylgt eftir í námskrá um greinasvið sem kom út 2013. Í kaflanum um menntun í samfélagsgreinum eru fjögur hæfniviðmið fyrir hvern þessara bekkja: 4., 7. og 10.

Ég fæ ekki betur séð en að sérstaða kristni og kristinnar arfleifðar íslenskrar menningar komi þar rækilega fram. Börn í 4. bekk eiga t.d. að geta „komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið“ og börn í 10. bekk eiga að vera „læs“ á „frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims“. Börnin í 10. bekk eiga líka að geta „útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 200). Í síðasttalda hæfniviðmiðinu er kristnin ekki sérstaklega tilgreind en einhvern veginn skyldi maður ætla að þekking á kristni og kannski ásatru skipti þar mestu máli.

## AÐ LOKUM

Ég held að breytingin úr kristilegu siðgæði í kristna arfleifð íslenskrar menningar í grunnskólalögum sé mikilvæg breyting í átt til viðurkenningar á því að íslenskt samfélag er mótað af kristnum viðhorfum sem við verðum að skilja ef við ætlum að skilja samfélagið. Ég held að fræðsla um ásatru í skólastarfi hafi um langa hríð verið í formi menningarsögu. Getur verið að með hæfniviðmiðunum sem ég vísaði til hér að framan sé litið þannig á kristna trú? Sættir kristinn meirihluti sig við að kennt sé um kristni án trúarlegs ívafs? Verður það þannig að biblíusögurnar verði kenndar eins og hverjar aðrar sögur? Vilja kristnir foreldrar að opinberir skólar sinni þessum þætti uppeldis og uppeldisréttar þeirra? Skólarnir verða að geta tekið á álitamálum af þessum toga; þeir verða ekki dauðhreinsaðir af trúarbrögðum eða öðrum gildum.

Í Inngangi *Uppeldisréttar* tekur Sigurður Pálsson fram að „margir kennarar séu óvissir um hlutverk sitt ...“ þegar kemur að álitamálum í sambandi við trúarbrögð (bls. 11). Ritið er áhugavert vegna þess að í því reifar höfundur með mikla þekkingu og reynslu mikilvægt mál í skólastarfi sem reglur frá opinberum aðilum leysa vísast aldrei, heldur verður það hlutverk kennara og annars fagfólks sem vinnur með börnum að ráða fram úr álitamálunum sem upp koma.

## HEIMILDIR

- Akureyrarbær. (2005). Fjölskyldustefna Akureyrarbæjar. Akureyri – Fjölskyldubær til framtíðar! Endurskoðuð útgáfa, 2005. Sótt af <http://www.akureyri.is/is/moya/page/fjolskyldustefna-akureyrarbæjar-4>
- Borgarráð Reykjavíkur. (2013). Reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/Reglur\\_sam\\_ykktar\\_29\\_8\\_2013.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/Reglur_sam_ykktar_29_8_2013.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.). Tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Sótt af <http://www.mennta.malaraduneyti.is/menntamal/vidmid/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

## UM HÖFUNDINN

*Ingólfur Ásgeir Jóhannesson* (ingo@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hann lauk bakkalárprófi í sagnfræði og uppeldisfræði, kennaraprófi og cand.mag.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í menntunarfræðum frá Wisconsinháskóla í Madison. Rannsóknir Ingólfs eru einkum á sviði menntastefnu. Hann var einn af ráðgjöfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við almennan hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.